

Alþingi  
Erindi nr. P 131/1102  
komudagur 18.3.2005



LANDVERND

Iðnaðarnefnd Alþingis  
Bt. Ágúst Geir Ágústson  
Alþingi  
150 Reykjavík

18. mars 2005

Efni:

**Umsögn um frumvarp til vatnalaga (mál 413).**

Vísað er í bréf Alþingis dagsett 10. febrúar 2005 þar sem lýst er eftir umsögn um frumvarp að vatnalögum. Stjórn Landverndar hefur kynnt sér frumvarpið og óskar að koma eftirfarandi atriðum á framfæri.

Það vekur athygli stjórnar Landverndar að frumvarpið beinist að nýtingu vatns en ekki er fjallað um varnir gegn mengun, hollustu, náttúruvernd, almannarétt og nýtingu lífrænna auðlinda. Þetta eru allt afar mikilvæg atriði sem taka verður mið af við hverskonar nýtingu vatnsréttinda eins og bent er á í greinargerð við frumvarpið. Að mati stjórnar Landverndar gæti það gefið betri yfirsýn yfir hvaða lög gilda um verndun og nýtingu auðlinda ef öllum viðkomandi lögum væri safnað saman í einn lagabálk sem tæki til rannsókna, nýtingar og verndunar náttúruauðlinda.

**1. gr.**

Í 1. gr. segir: Við hverskonar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að raska ekki vatni eða farvegi þess umfram það sem nauðsynlegt er.

Stjórn Landverndar telur að þó þetta frumvarp beinist að nýtingu vatns og um mengunarvarnir sé fjallað í lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, sé gagnlegt tilgreina að ekki megi spilla vatni að óþörfu. Þá sé einnig gagnlegt að skýra betur hugtakið „nauðsynlegt“. Stjórnin leggur því til að 2. mg. 1. gr. verði orðuð þannig:

*Við hverskonar nýtingu vatnsréttinda samkvæmt lögum þessum skal þess gætt að spilla ekki vatni að óþörfu né raska farvegi þess umfram það sem nauðsynlegt er til að mæta brýnum þörfum fyrir neysluvatn, iðnaðarvatn, áveitu eða orku*”.

**22. gr.**

Í 22. grein er fasteignareiganda veitt heimild til að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur mannvirki í vatni eða við það sem eru nauðsynleg í því skyni að verja land eða landnytjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns, til vatnsveitugerðar, á veitugerðar, orkunýtingar o.s.frv.

Það myndi auka skýrleika laganna ef vísað væri í náttúruverndarlög þar sem tilgreindar eru landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar og tilvik þegar leita þarf

Landvernd, Ránargata 18, 101 Reykjavík, s. 552 52 42  
[www.landvernd.is](http://www.landvernd.is), [landvernd@landvernd.is](mailto:landvernd@landvernd.is)

**Vistvæn nútíð – Farsæl framtíð**

leyfis Ust. (37. og 38. gr. náttúruverndarlaga). Einnig er ástæða til að minna á ákvæði um skipulagsskyldu.

Heimild er fasteignareiganda að breyta vatnsfarvegi, víkka hann eða rétta, gera nýjan farveg eða önnur mannvirki í vatni eða við það sem eru nauðsynleg í því skyni að verja land eða landnytjar gegn spjöllum af landbroti eða árennsli vatns, til vatnsveitugerðar, áveitugerðar, orkunýtingar að því gefnu að framkvæmdin sé í samræmi við gildandi skipulag og, ef framkvæmd varðar náttúruverndarlög, sé í samræmi við leyfi Umhverfisstofnunar.

**35.gr.**


Skv. 35 gr. er skylt að tilkynna Orkustofnun um allar framkvæmdir í vötnum vegna vatnsnýtingar þar á meðal framkvæmdir sem ekki eru leyfisskylda samkvæmt þessum lögum eða öðrum.

Vegna hugsanlegra náttúruverndarhagsmun er ástæða til að kveða á um tilkynningaskyldu til Umhverfisstofnunar. Þá er einnig ástæða til að hafa ákvæði þess efnis að birta beri allar tilkynningar á heimasíðu Orkustofnunar svo almenningi og félagasamtök hafi tæk á að fylgjast með áformuðum framkvæmdum vegna vatnsnýtingar.

Skylt er að tilkynna Orkustofnun og Umhverfisstofnun um allar framkvæmdir í vötnum vegna vatnsnýtingar þar á meðal framkvæmdir sem ekki eru leyfisskyldar samkvæmt þessum lögum eða öðrum. Orkustofnun skal birta allar slíkar tilkynningar á heimasíðu sinni.

Virðingarfyllst,

Fh. stjórnar Landverndar

  
Tryggvi Felixson framkvæmdastjóri